

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Sóltún 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 6. janúar 2016 breytingu á deiliskipulagi Bílanaustsreits vegna lóðarinnar nr. 1 við Sóltún. Í breytingunni felst að byggingarmagn á lóð íbúðarhúsnæðis (syðri lóð) breytist þannig að bílgeymsla neðanjarðar minnkar en annað rými neðanjarðar stækkar samsvarandi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 22. janúar 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2016